

Fundargerð 165. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 03. mars 2021, kl. 12.00, í gegnum fjárfundabúnaðinn Teams.

Mætt: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Til samþykktar.*

a. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

b. *Tilboð Max Hirsh um ráðgjöf*

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu til stjórnar um áframhaldandi ráðgjöf frá Max Hirsh til næstu þriggja mánaða. Stjórn samþykkti tilboðið.

2. *Til upplýsinga.*

a. *Mánaðarlegar rekstarupplýsingar*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um mánaðarleg rekstarupplýsingar sem liggja frammi á stjórnargáttinni, stjórn til upplýsinga. Stjórnarformaður upplýsti stjórn um að hún ásamt framkvæmdastjóra hafi ákveðið að gögn þessi liggi alltaf fyrir stjórnarfundi, stjórn til upplýsinga en sé ekki tekið fyrir sérstaklega á hverjum stjórnarfundi. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

3. *Til kynningar.*

a. *Tímalína og staða þróunaráætlunar*

Framkvæmdastjóri fór yfir tímalínu verkefnisins út árið 2021 og stöðu þróunaráætlunar. Stjórn var upplýst um fundi sem Kadeco hefur átt með áhugasömum þátttakendum fyrir samkeppnina og hafa reynst vel.

Stjórn lagði til að haldinn yrði ársfundur með samstarfsaðilum verkefnisins til að halda öllum upplýstum um stöðuna og næstu skref.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar og fól framkvæmdastjóra að finna hentuga dagsetningu fyrir ársfund samstarfsaðila verkefnisins á næstunni.

b. Kostnaðaráætlun vegna gerð þróunaráætlunar

Framkvæmdastjóri fór yfir kostnaðaráætlun vegna samkeppninnar. Umræður.
Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

4. Önnur mál.

a. Lóðamál á Fitjum.

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um áhuga aðila á lóðum á gagnaverasvæðinu á Fitjum.
Stjórn lýsti ánægju með það og þakkaði upplýsingarnar.

b. Aðalfundur 2021 og ársreikningur 2020

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að aðalfundur félagsins yrði haldinn þann 8. apríl nk. ef endurskoðun ársreiknings gangi hratt og vel.

Stjórn tók undir þetta og leggur til að aðalfundur verði boðaður þann 8. apríl nk. gangi allt eftir.

Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.10.